



**samband
íslenskra
framhaldsskólanema**

Ársskýrsla
2015-2016

Kæru framhaldsskólanemar,

Nú hefur níunda starfsár SÍF runnið sitt skeið með tilheyrandi samvinnu, skruðningum og skeleggu fólki. Félagið er í sífelltri mótun og félagsmenn sambandsins stunda alla sína vinnu undir formerkjum þess að bæta hag, stöðu og líðan framhaldsskólanema. Frá því að nokkrir nemar komu saman og hugmyndin að SÍF fæddist höfum við náð grunnmarkmiði sambandsins; SÍF er sameiginlegur málsvari allra framhaldsskólanema á landinu. Lengi vel þurftu fulltrúar SÍF að berjast kröftulega fyrir því að rödd nemenda fengi að heyrast í stórum ákvörðunaratökum. Nú er sagan önnur en SÍF á fulltrúa í öllum nefndum á vegum hins opinbera sem vinna að málefnum framhaldsskólanna. Með auknum áhrifum okkar innan hins opinbera hefur sýnileiki SÍF einnig aukist.

En alltaf má gera betur og þegar lítið er yfir árið er ljóst að skilgreina þarf betur hvert orka SÍF beinist. Í ár lagðist of mikið af henni í framkvæmd Söngkeppni Framhaldsskólanna. Á tímabili var sem SÍF þjónaði hlutverki skemmtinefndar fremur en hagsmunasambands. Málefni sem við hefðum vilja fylgja betur eftir voru sett á bið og söfnuðu ryki og það ætti aldrei að leyfast.

Þrátt fyrir þá hnekki er sköpuðust er ég ánægð með árangur SÍF í ár. Í SÍF er fólgin mikill sameiningarkraftur sem ýtir röddum framhaldsskólanema upp á við og skapar tækifæri. Það skiptir máli fyrir framhaldsskólanema að vita af sterkum bakhjarli sem stendur með þeim - og því stefnir SÍF að því að gerast sterkara svo stærri öldur séu knúnar fram.

Á komandi árum vil ég sjá SÍF verða að enn sterkari samhuga með frekara mótunarafl gagnvart ákvarðanatökum stjórnvalda og skýrari sýn en ég er þó gríðarlega stolt af því sem hefur áorkast í gegnum árin sem og í ár. Ég hef fengið að kynnast hvað í ykkur býr, séð ykkur standa upp fyrir ykkur sjálfum og fengið að heyra hugmyndir úr öllum áttum. Það er ómetanlegt. Ég þakka kærlega fyrir árið og samvinnuna og hlakka til að sjá hvaða öldur munu skapast.

Steinunn Ólína Hafliðadótti,
formaður SÍF

Framkvæmdastjórn, miðstjórn og félagslegir endurskoðendur

Starfsárið 2015-2016 sátu eftirtaldir fulltrúar í framkvæmdastjórn félagsins:

- Steinunn Ólína Hafliðadóttir, formaður – Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Magnús Örn Gunnarsson, varaformaður – Fjölbrotaskólinn í Breiðholti
- Páll Gestsson, gjaldkeri – Fjölbrotaskólinn í Garðabæ
- Marta Kristjana Stefánsdóttir, alþjóðafulltrúi – Fjölbrotaskólinn í Garðabæ
- Jónas Már Torfason, margmiðlunarstjóri – Menntaskólinn í Reykjavík
- Sara Þöll Finnbogadóttir, viðburðastjóri – Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Einar Karl Jónsson, forvarna-og jafnréttisfulltrúi – Verzlunarskóli Íslands

Fulltrúar í miðstjórn voru:

- Pétur Magnússon, Fjölbrotarskólinn í Breiðholti
- Sigríður Ósk Sigurrósardóttir, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Páll Marís Pálsson, Fjölbrotarskólinn í Garðabæ
- Styrmir Elí Ingólfsson, Verzlunarskóli Íslands
- Hanna María Geirdal, Menntaskólinn í Reykjavík
- Elísa Birgisdóttir, Borgarholtsskóli
- Máni Huginsson, Verzlunarskóli Íslands

Félagslegir endurskoðendur félagsins skulu vera þrír og kjörnir á aðalþingi. Þeir sinna því hlutverki að vera nýrri stjórn félagsins innan handar og vera leiðandi í fyrstu skrefum á nýju starfsári. Þeir sinna einnig því hlutverki að viðhalda og varðveita þekkingu sem skapast með hverju starfsári félagsins. Þá fara félagslegir endurskoðendur yfir ársreikninga og ársskýrslur sambandsins.

Félagslegir endurskoðendur SÍF árið 2015-2016 voru:

- Benedikt Traustason, fyrrverandi varaformaður SÍF
- Eva Brá Önnudóttir, fyrrverandi formaður SÍF
- Laufey María Jóhannsdóttir, fyrrverandi formaður SÍF

Síf-arar eru tengiliðir aðildarfélaganna við SÍF og fá þeir boð á aðalþing og sambandsstjórnarfundum. Er það aðildarfélaganna að ákvarða hvernig skuli skipa fulltrúa sinn. Síf-arar eru tengiliðir aðildarfélaganna við SÍF.

Aðildarfélag SÍF

Frá aðalþingi ársins 2012 hafa öll 31 nemendafélög framhaldsskólanna verið aðildarfélag SÍF og þar með eru nemendur allra framhaldsskóla landins aðildarmenn. Samtakamáttur SÍF er því mikill.

Skrifstofa og fjármagn

SÍF deilir skrifstofu með Landsambandi æskulýðsfélaga í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, í Reykjavík. Þar starfar framkvæmdastjóri, Hildur Björgvinsdóttir í 50% starfshlutfalli. Hún var í fæðingarorlofi 15.apríl 2015 -1.apríl 2016 og gegndi Arnhildur Lilý Karlsdóttir stöðu framkvæmdastjóra í hennar fjarveru.

Framkvæmdastjóri SÍF sér um daglegan rekstur félagsins og afgreiðir erindi sem berast á skrifstofuna. Fyrirspurnir og erindi eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að varða öll framhaldsskólanemendur. Framkvæmdastjóri vinnur náið með framkvæmdastjórn og tekur þátt í verkefnum félagsins.

31.desember 2015 rann út fjögurra ára þjónustusamningur við mennta-og menningarmálaráðuneytið en gerður hefur verið nýr tímabundinn samningur sem gildir til 31.desember 2016. Samningurinn tryggir félaginu rekstrargrundvöll árlega og telur fráfarandi stjórn afar mikilvægt að gerður verði nýr langtíma samingur til að tryggja megi áframhaldandi öflugt starf félagsins. Telur hún jafnframt að hækka þurfi þá upphæð sem ríkið leggur til SÍF árlega í takt við launa-og verðhækkanir, starfsemi sambandsins fer ört stækkandi og kostnaður eftir því.

SÍF er einnig með þjónustusamning við Lánasjóð íslenskra námsmanna sem tryggir sambandinu fulltrúa í stjórn sjóðsins ásamt fjármagni en LÍN greiðir SÍF 800.000 kr. árlega skv. þjónustusamningi. Vor hvert skilar fulltrúi SÍF í stjórn LÍN skýrslu til Lánasjóðsins þar sem fjallað er um samskipti SÍF og sjóðsins á líðandi ári. Laufey María Jóhannsdóttir fyrrverandi formaður SÍF var kjörinn fulltrúi sambandsins til að sinna málefnum LÍN 2015-2017.

Þing og fundir

Haldnir voru 38 framkvæmdastjórnarfundir, 12 vinnufundir, 2 sambandsstjórnarfundir og eitt aðalþing á starfsárinu. Fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir að jafnaði einu sinni í viku en þó sjaldnar yfir jólaþróf og sumarmánuðina. Framkvæmdastjórn heldur fundargerðir samkvæmt fundarsköpum og má óska eftir afritum af fundagerðum hjá framkvæmdastjóra félagsins. Vinnufundir framkvæmdarstjórnar eru haldnir eins oft og framkvæmdarstjórn telur þurfa. Á fundunum eru fyrirbyggjandi verkefni skýrð í samræmi við markmið og stefnu félagsins. Mikil þörf var fyrir vinnufundi í ár vegna gífurlegrar skipulagningar við Söngkeppni framhaldsskólanna. Til viðbótar gegna fundirnir því hlutverki að efla samvinnu framkvæmdarstjórnar. Fundir framkvæmdastjórnar og vinnufundir eru iðulega haldnir á skrifstofu SÍF en sambandsstjórnarfundir ýmist á höfuðborgarsvæðinu eða utan þess. Aðalþing SÍF 2016 var haldið í Háskólanum í Reykjavík dagana 3. og 4.september 2016.

Sambandsstjórnarfundir

Samkvæmt lögum SÍF skal sambandsstjórn funda tvisvar sinnum hið minnsta yfir starfsárið. Haldinn var fundur í nóvember 2015 í Háskóla Íslands og sá síðari í Háskólanum á Akureyri í mars 2016. Á fundunum var unnin málefnavinna ásamt því að lagðar voru fram framkvæmda- og fjárhagsáætlanir.

Sambandsstjórnarfundirnir voru vel sóttir af fulltrúum aðildarfélaganna.

Á fyrra sambandsstjórnarþingi SÍF var lögð áhersla á þrjú málefni: *Kynjafræðikennslu sem skyldufag, gjaldfrjáls sálfræðipjónusta og „menntun fyrir alla“*. Skipað var í verkefnahóp fyrir hvert umræðuefni sem vann að því að skilgreina málefnið betur undir formerkjum SÍF. Undir lok þings höfðu tvær greinar verið skrifaðar, önnur um mikilvægi kynjafræðikennslu og hin um nauðsyn gjaldfrjálsar sálfræðipjónustu. Báðar greinarnar voru sendar út til fjölmiðla en voru ekki birtar.

Á seinna sambandsstjórnarþingi SÍF var áhersla lögð á opnari samskipti framhaldsskólanema við stjórnmalámennt. Pallborðsumræður með fulltrúum allra flokka voru haldnar fyrri daginn til að gera sambandsstjórn kleift að bera spurningar sínar fram við þá. Í pallborðsumræðunum sátu:

- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir fyrir hönd Vinstri grænna
- Brynhildur Pétursdóttir fyrir hönd Bjartrar framtíðar
- Líneik Anna Sævarsdóttir fyrir hönd Framsóknar
- Valgerður Gunnarsdóttir fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins
- Jónas Már Torfason fyrir hönd Samfylkingarinnar
- Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar

Þingið samþykkti með atkvæðagreiðslu að Jónas Már Torfason, margmiðlunarstjóri SÍF mætti svara fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Fundargestir spurðu fulltrúa flokkanna meðal annars um styttingu náms, bókstafagjöf, kjör kennara, 25 ára aldursþakið og sameiningu framhaldsskóla á landsbyggðinni. Fulltrúar í pallborðsumræðunum lýstu allir yfir ánægju sinni á umræðunum og sögðu mikilvægt að virkja rödd ungmenna í stjórnmalum. Umræðurnar voru líflegar og bar hver fulltrúi sambandsstjórnarþings upp eina spurningur hið minnsta.

Meðal annarra umræðuefna á sambandsstjórnarfundum SÍF árið 2015-2016 má nefna dræma lýðræðisþátttöku ungs fólks, virðingarleysi gagnvart kennurum, fjölbreyttara kennslumat og samanburður á bóknámi og iðnnámi.

Dræm kosningaþátttaka

Fulltrúar á sambandsstjórnarþingi létu í ljós skoðanir sínar varðandi mögulegar ástæður fyrir dræmi kosningaþátttöku ungs fólks. Sumir töldu að leti væri ástæðan, ungt fólk sæi ekki hagsmunina sem því fylgir að kjósa. Aðrir töldu ástæðuna fremur vera lélegt aðgengi að upplýsingum um stjórnmalaflokkana, erfitt væri að koma sér inn í málin og sömuleiðis væri ekki lögð áhersla á lýðræðisþátttöku í skólum.

Ungu fólki er kennt að pólitík komi þeim ekki við. Fjölmiðlafræði í skólum er ábótavant sem og kennsla í fjármálalæsi og öðrum praktískum fræðum.

Virðingarleysi gagnvart kennurum

Þann 22.febrúar talaði Guðríður Arnardóttir, formaður félags framhaldsskólakennara, um aukið agaleysi í skólastarfinu og samfélaginu öllu í viðtali hjá Síðdegisútvarpinu á Rás2. Í viðtalinu snerti Guðríður meðal annars á farsímanotkun í tímum og skort á kurteisi og virðingu nemenda gagnvart kennurum. Þáttastjórnendur Síðdegisútvarpsins buðu formanni SÍF, Steinunni Ólínu Hafliðadóttur að koma í þáttinn og ræða ummæli Guðríðar. Steinunn fór ásamt Jónasi Má Torfasyni, margmiðlunarstjóra SÍF. SÍF fagnar því að umræðan um samskipti kennara og nemenda verði opnuð. Kennarar og nemendur þurfa að vinna saman til að jafna út vandamál sem þessi og ræða saman hvað best sé að gera.

Í kjölfar umræðunnar fannst framkvæmdarstjórn SÍF tilvalið að taka málið upp á Sambandsstjórnarþingi. Hvað hafa framhaldsskólanemar að segja um aukið agaleysi í tíma? Fulltrúar sambandsstjórnarþings tóku undir það að þeir eigi erfitt með truflanir í kennslustundum og að þeir nemendur sem trufla ætti að vísa út.

Almennt virðist þurfa að breyta viðhorfi til náms. Tekið var undir að það þyrfti að innræta það viðhorf að nemendur séu í kennslustundum fyrir sjálfan sig. Undirstrikun á ábyrgð í námi eykur virðingu.

Persónuleg nálgun

Eftirspurn er eftir fjölbreyttari kennsluháttum og nútímavæðingu þeirra. Fulltrúar á sambandsstjórnarþinginu voru sammála um að í mörgum tilvikum bitni mætingin um of á einkunninni. Oft sé ekki nægilegur sveigjanleiki og skilningur varðandi þær ástæður sem liggja að baki fjarveru nemenda í kennslustundum. Mikilvægt er að kenna að mæting sé mikilvæg en að sama skapi gildir að tillit skuli bera til líkamlegra og andlegra veikinda nemenda sem eiga erfiðara með að mæta í kennslustundir. Lögð var fram sú hugmynd að áföngum yrði skipt niður í símatsáfanga og lokaprófsáfanga. Í staðinn fyrir að margir kennarar kenni sama áfangann hefðu nemendur kost á að velja um að sækja í áfangann í formi símats eða lokaprófs og velja þar með það sem hentar þeim betur.

Bóknám og iðnnám

Umræður sköpuðust um samanburð á bóknámi og iðnnámi. Fulltrúar sambandsstjórnarþings í iðnnámi og fulltrúar í bóknámi ræddu um mismunandi viðhorf til námsins. Iðnnemar þurfa að klára ákveðinn hluta bóklegs náms í iðnnámi sínu og þótti fundargestum að réttast væri að nemendur í bóklegu námi sætu áfanga í iðn -eða tækninámi af einhverri sort - námskeið sem gætu staðið yfir ákveðinn tíma. (d. 3 vikur).

Ályktanir og greinaskrif

Ályktanir sambandsstjórnar SÍF um kynjafræði sem skyldufag og gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu voru sendar út til fjölmiðla en fengu enga athygli. SÍF notaði mál gagn sitt, Framhaldsskólablaðið, til að birta greinagerð sína um gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu og voru jákvæð viðbrögð við henni. Greinin var einnig birt á vefsíðu SÍF, neminn.is, og fékk margar deilingar. Í 3.tbl.Framhaldsskólablaðsins í ár birtist forsíðuviðtal við formann SÍF, Steinunni Ólínu Hafliðadóttur, og vísaði viðtalið til starfa SÍF sem og umgjarðar söngkeppninnar sem vakið hafði athygli.

Framhaldsskólablaðið

SÍF hélt áfram útgáfu Framhaldsskólablaðsins á árinu í samstarfi við Guðmund Rúnar Svansson útgáfustjóra. Blaðið er málagn SÍF og er markmið þess að koma málefnum framhaldsskólanema sem best á framfæri með pistlaskrifum, viðtölum og ítarlegum greinum.

Ritstjóri blaðisins veturinn 2015-2016 var Jóhannes Bjarki Bjarkason og komu út fimm tölublöð undir hans stjórn. Geðheilbrigðismál ungs fólks, margar hliðar feminisma og viðtöl við unga listamenn voru áberandi í blöðunum. Þá var myndabátturinn „Ég er ekki tabú“ unninn í samvinnu við baráttusamtökin *Geðsjúk*. Að sögn Jóhannesar Bjarka vakti sú umfjöllun mikla athygli og mátti sjá á henni hvernig blaðið endurspeglar þjóðfélagsumræðuna og öfugt. Í kjölfar birtingarinnar fjallaði Stundin um frásögn ungrar konu sem lýsti grófu misrétti innan fyrrverandi nemendafélags síns og telur Jóhannes Bjarki að það sýni hve langt Framhaldsskólablaðið nær og hversu mikið vald þess getur orðið í mótun umræðunnar, ekki bara meðal ungs fólks heldur í þjóðfélaginu almennt.

Samskipti SÍF við ritstjórnina voru góð en stjórn SÍF hefði getað nýtt sér málagnnið betur til að ná til framhaldsskólanema með birtingu greina, viðtala og ályktanna.

Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir er ritstóri yfirstandandi útgáfuárs.

Söngkeppni framhaldsskólanna

Söngkeppnin fór fram í húsnæði Sagafilm að Laugavegi 176, laugardaginn 9.apríl. Keppnin var með nokkuð öðru sniði en undanfarin ár þar sem bæði undankeppni og úrslitakeppni hafa verið sýndar á RÚV.

Í upphafi skipulagningar tilkynnti Sagafilm framkvæmdastjórn SÍF að fyrirtækið gæti ekki staðið undir kostnaði keppinnar ef hún héldi áfram að koma út í miklu tapi eins og árin á undan. Til að gæta þess að þessi stökkpallur söngfólks framtíðarinnar sem Söngkeppnin hefur verið glataðist ekki sóttist SÍF eftir því að keppnin yrði engu að síður haldin í ár og samþykkti að það yrði með breyttu fyrirkomulagi.

Haldin var æfingahelgi í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti dagana 19.og 20.mars þar sem keppendur fengu meðal annars framkomuþjálfun, hittu tónlistarstjóra, fóru í myndatöku og mótuðu atriðið sitt. Einnig komu þeir fram fyrir dómnefndina sem eftir helgina ákvað hvaða 11 atriði fengju að taka þátt í aðalkeppninni auk þess sem keppendur völdu vinsælasta atriðið áfram. Að ósk Sagafilm var undankeppninni ekki sjónvarpað.

Þá var þátttökugjald hvers skóla hækkað en allir þeir skólar sem sendu fulltrúa á æfingahelgina borguðu 40.000kr og einnig voru allir skólar sem áttu þátttakanda í úrslitakeppninni skyldaðir til að selja 20 miða í forsölu. Tækist skóla ekki að selja alla miðana sína mátti hann afhenda þá öðrum skóla sem teldi sig hafa þörf fyrir fleiri. Miðaverð var lækkað frá fyrra ári, úr 3.900kr í 2.900kr. Þá áttu þeir skólar/nemendafélög sem höfðu fulltrúa í úrslitum að greiða aukalega 30.000kr. Þessar breytingar vöktu hörð viðbrögð meðal meðlima nokkurra nemendafélaga sem þótti bæði kostnaður of mikill auk þess sem hallað væri á keppendur sem ekki komust í

úrslitakeppnina og þar með ekki í sjónvarpið. SÍF setti af stað fjáröflunarnefnd innan framkvæmdarstjórnar sem átti að koma til móts við kostnað nemendafélaga við söngkeppnina.

Svo fór að Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Verkmenntaskóli Austurlands og Menntaskólinn á Akureyri sögðu sig úr keppninni.

Á sambandsþingi SÍF 2016, sem haldið var á Akureyri var sérstakur liður tileinkaður Söngkeppninni. Nauðsynlegar samræður mynduðust á milli skólanna sem opnaði á frekara samstarf.

Laugardaginn 16.apríl stóðu Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Tröllaskaga í Ólafsfirði, Framhaldsskólinn á Húsavík og Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað fyrir söngkeppni framhaldsskólanna á norður og austurlandi sem haldin var í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Ólíkt fyrri árum þar sem æfingahelgin hefur verið samstarfsverkefni SÍF og Sagafilm þá sá SÍF alfarið um æfingahelgina í ár að ósk Sagafilm, bæði framkvæmd og kostnað. Keppnin sjálf var mikið samstarf aðilanna tveggja. Sagafilm sá um framkvæmd keppninnar sjálfar, tækni og sjónvarpsútsendingu en allir lögðust á eitt við að finna styrktaraðila og verðlaun. SÍF sá um að vera í sambandi við keppendur og formenn. Ekkert plakát var prentað til að dreifa og auglýsa keppnina í skólum. Ekki var alltaf ljóst hver ætti að bera ábyrgð á hverju og var stjórn SÍF ekki ávallt sammála starfsmönnum Sagafilm í þeim efnum. Allir voru þó sammála um að lokaútkoman, keppnin sjálf, hafi verið afar vel heppnuð og var umtalað hvað atriði nemenda voru glæsileg. Ljóst er að í framhaldsskólunum landsins leynist margt tónlistarfólk framtíðarinnar.

Þótt samstarf aðilanna tveggja hafi gengið ágætlega og endanleg útkoma ávallt verið glæsileg hefur það ekki gengið alveg hnökralaust fyrir sig, auk þess sem dvínandi áhugi hefur verið á keppninni sem sýnir sig best í dræmri miðasölu. Því var ákveðið að framlengja ekki samstarfssamning við Sagafilm sem framleitt hefur keppnina undanfarin ár heldur leggja ákvörðun um framtíð keppninnar fyrir aðalþing SÍF 2016. Verður þar velt upp þeim spurningum hvort halda skuli keppnina áfram og þá í hvaða mynd? Hvort skipulagning skuli vera í höndum SÍF eða hvort eigi að setja hana í hendurnar á nýjum aðila? Ef kosið verður um að félagið hafi áfram umsjón með keppninni þarf að skoða vel hvaða möguleikar eru í stöðunni þegar kemur að framleiðslu hennar.

Sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna 2016 var hljómsveitin Náttól úr MH sem flutti lag Bjarkar Guðmundsdóttur, Hyperballad í eigin útsetningu.

Hljómsveitina skipa þær Elín Sif Halldórsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir og Hrafnhildur Magnea Ingólfssdóttir.

Alþjóðastarf

SÍF leggur áherslu á að læra af systarasamtökum sínum erlendis og hafa mótandi áhrif á málaflokkinn á alþjóðavísu. Það er aðili að Obessu (Organising Bureau of European School Student Unions) sem eru regnhlífarsamtök fyrir evrópskra námsmannahreyfinga á framhaldsskólastigi. Einn meðlimur í framkvæmdastjórn SÍF er kjörinn alþjóðafulltrúi og sækir hann hina ýmsu viðburði, námskeið, fræðslu og ráðstefnur, á vegum Obessu. Sumarið 2015 var Laufey María Jóhannsdóttir, fyrrverandi formaður SÍF, kjörin í framkvæmdastjórn OBESSU til tveggja ára. Er þetta í annað sinn sem Íslendingur á sæti í framkvæmdastjórn samtakanna en 2010-2012 átti Hreiðar Már Árnason sæti í stjórninni fyrir Íslands hönd. Fleiri en einn fulltrúi framkvæmdastjórnar sækja einstaka viðburði. Á árinu fóru fulltrúar framkvæmdastjórnar sex sinnum erlendis til að hitta aðra evrópska framhaldsskólanema.

- 2. – 8. nóvember. Convention on Welfare, Wellbeing and Social Autonomy of School Students - Cluj-Napoca, Rúmeníu.
- 5. – 6. desember. OBESSU Council of Members (COMEM), Kaupmannahöfn.
- 24. apríl – 1.maí. Study Session: Bringing human rights education to school, Búdapest, Ungverjalandi.
- 24. – 28.maí. Convention on Education and Work, Brussel.
- 2. – 8.júlí. Summer School Democracy and Active Participation, Pristina, Kosovo.
- 11.-12.ágúst. Obessu General Assembly, Amsterdam.

Auk þess að vera meðlimur í Obessu átti SÍF þátt í stofnun Nordic School Student Network (NSSN) 2013. SÍF hefur lítið sem ekkert getað sótt viðburði á þeirra vegum þar sem illa hefur gengið fyrir NSSN að afla fjármagns til að greiða fyrir ferðakostnað fundargesta en það hefur það ávallt verið stefna SÍF að greiða ekki fyrir ferðir stjórnarmeðlima.

Kostnaður SÍF við alþjóðastarfið er annars vegar árgjald til Obessu sem tengt er ársveltu félagsins og hefur verið í kringum 100.000kr, hinsvegar 50 evrur fyrir hvern stjórnarmeðlim sem sækir viðburði á vegum Obessu.

Vorið 2016 var tekin upp sú vinnuregla innnan stjórnar SÍF að þeir sem fara erlendis skulu fylla út skýrslu um efni ferðarinnar, tilgang hennar, ávinning fyrir SÍF o.s.frv. og skila inn til framkvæmdastjóra.

Landssamband æskulýðsfélaga

SÍF er aðildafélag Landssambands æskulýðsfélaga sem eru regnhlífasamtök æskulýðsfélaga á Íslandi og samráðsvettvangur. Helstu verkefni LÆF eru að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi, og vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál. Stjórnarliðar SÍF hafa sótt ýmis námskeið á vegum LÆF og jafnframt setið í fulltrúaráði.

Einar Karl Jónsson, forvarnar-og jafnréttisfulltrúi SÍF hefur sótt námskeið í Leiðtogaskóla LÆF en meðal markmiða hans er að efla leiðtogahæfileika ungs fólks.

Nefndarstörf og samráðshópar

Á starfsárinu 2015-2016 átti SÍF fulltrúa í eftirfarandi nefndum og hópum:

- Fulltrúaráð LÆF- Páll Gestsson
- Stjórn LÍN- Laufey María Jóhansdóttir
- Námsstyrkjanefnd LÍN – Steinunn Ólína Hafliðadóttir
- Leiðtogaskóli LÆF - Einar Karl Jónsson
- Ráðgjafahópur um íslenska hæfniramma um menntun - Steinunn Ólína Hafliðadóttir
- Vinnustaðanámssjóður - Arnildur Lilý Karlsdóttir og Hildur Björgvinsdóttir
- Vinnuhópur um fagháskólanám - Steinunn Ólína Hafliðadóttir og Hildur Björgvinsdóttir

Umsagnarbeiðnir

Reglulega berast félaginu umsagnarbeiðnir m.a. um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. SÍF svarar þeim eftir því sem við á og gætir þess að hagsmunir nemenda framhaldsskólanna séu hafðir í fyrirrúmi við gerð laga er snúa að málefnum tengdum þeim.

School of Democracy

Á liðnu starfsári tók SÍF þátt í verkefninu School of Democracy (Skola pro demokracii) með pólsku systerasamtökunum Centrum Edukacji Obywatelskiej og einnig tékkneskum skólasamtökum. Verkefnið var styrkt af Þróunarsjóði EFTA og var Arnildur Lilý Karlsdóttir ráðin verkefnastjóri fyrir hönd SÍF. Ákveðið var að bjóða einum fjölbrautaskóla og einum bekkjakerfisskóla að taka þátt fyrir Íslands hönd og urðu Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Menntaskólinn við Sund fyrir valinu. Voru bæði nemendur og kennarar þátttakendur í verkefninu. Ekki reyndist unnt að bjóða skólum utan höfuðborgarsvæðisins að taka þátt sökum fjárskorts.

Verkefnið snéri að því að skoða lýðræði í skólunum í sem víðustu mynd, einkum og sér í lagi út frá stöðu nemenda. Hóparnir hittust fjórum sinnum saman og nokkrum sinnum í sitthvoru lagi ásamt verkefnastjóranum og fóru yfir það sem vel er gert og það sem betur mætti fara þegar kemur að lýðræði í þeirra skólum. Þá fóru fulltrúar frá báðum skólum ásamt verkefnastjóra í ferð til Tékklands þar sem heimsóttir voru nokkrir skólar sem hafa unnið með lýðræði.

Niðurstöður skólanna beggja voru þær að báðir standi þeir nokkuð vel hvað lýðræði varðar, þar eru starfrækt nemendafélög sem hafa nokkuð frjálsar hendur um hvað þau gera, skólareglur eru fáar og skýrar og nemendur hafa greiðan aðgang að kennurum og skólastjórnendum.

Fundur með Mennta- og menningarmálaráðherra

Þann 22.febrúar fóru formaður og varaformaður SÍF ásamt framkvæmdastjóra á fund með Sigríði Hallgrímsdóttur og Jóhannesi Stefánssyni, aðstoðarmönnum mennta- og

menningarmálaráðherra þar sem ræddur var nýr samningur við félagið. Sóst hafði verið eftir því að fá fund með ráðherra en við því var ekki orðið og hefur ráðherra ekki séð sér fært að hitta stjórn SÍF síðan haustið 2013. Telur fráfarandi stjórn afar mikilvægt að ráðherra menntamála sýni starfi SÍF þann áhuga og virðingu að hitta stjórnina í það minnsta einu sinni á ári til að heyra frá starfi samtakanna og þeim áherslum sem það vill leggja á í málefnum framhaldsskólanema. Liggur fyrir að gera þarf nýjan þjónustusamning í lok árs og verður þá enn óskað eftir því að fá fund með ráðherra til að ræða starfsemi SÍF.

Kynning á SÍF

Vorið 2015 hlaut SÍF styrk úr Æskulýðssjóði til að fara í erindrekstur um landið og kynna starfsemi þess. Prentaðir voru blýantar og kynningarborði til að fara með í skólana. Eftir ítrekaðar tilraunir til að skipuleggja kynningarherferðina, setja sig í samband við skólastjórnendur og nemendafélög og búa til tímaplan var ljóst að seint myndi nást að fara í alla skóla landsins. Var brugðið á það ráð að fá leyfi hjá Æskulýðssjóði til að breyta verkefninu, í stað þess að fara í alla skóla landsins til að halda kynningu sem kæmist þó aldrei til skila nema til hluta nemenda var ákveðið að búa til kynningarmyndband sem yrði dreift á samfélagsmiðlum og heimasíðum skóla og nemendafélaga. Í verkið var ráðinn Ágúst Elí Ásgeirsson sem getið hefur sér gott orð fyrir myndbandagerð. Myndbandið verður frumsýnt á aðalþingi SÍF í september 2016. Er það von stjórnar og framkvæmdastjóra að með dreifingu á því aukist vitneskja nemenda um starfsemi SÍF sem aftur muni hvetja þá til að leita til samtakanna ef þeir telja sig þurfa.

Skuggakosningar

SÍF mun í samvinnu við Landssamband æskulýðsfélaga standa fyrir skuggakosningum í framhaldsskólum samhliða alþingiskosningum haustið 2016. Stefnt er að því að þær fari fram þann 13. október. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem slíkar kosningar eru haldnar á landsvísu en Ungmennafélag Hafnar í Hornafirði stóð fyrir skuggakosningum í forsetakosningunum í júní 2016. Verkefnið hlaut styrk úr Æskulýðssjóði auk þess sem það er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, innanríkisráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitafélaga.

Skuggakosningarnar eru hluti af stærra verkefni þar sem lögð er áhersla á að auka lýðræðisvitund ungs fólks. LÆF mun skipuleggja fundi í Reykjavík og á Akureyri með fulltrúum flokkanna. Auk þess verða ungliðahreyfingar hvers flokks fengnar til að búa til kynningarmyndband um stefnu þeirra í málum er varða ungt fólk. SÍF og LÆF hafa sent öllum skólastjórnendum tölvupóst þar sem lagt er til að vikan sem skuggakosningarnar fara fram verði allsherjar lýðræðisvika þar sem nemendur og kennarar geta skipulagt ýmiskonar lýðræðisverkefni, svo sem pallborðsumræður, kappræður o.fl.

Samið hefur verið við vefstofuna Frumkvæði að búa til heimasíðuna egkys.is fyrir verkefnið en á henni verður meðal annars að finna upplýsingar um skuggakosningar, nákvæmar leiðbeiningar um lýðræðisverkefni og kynningarmyndbönd stjórnmalaflokkanna. Þá verður á henni slóð inn á

Kosningavitann sem unnin er af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en hann verður opin almennungi öllum og er hugsaður til að aðstoða fólk við að ákveða hvað það á að kjósa.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)

Hlutverk LÍN er að tryggja þeim sem falla undir lögin um sjóðinn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn sér meðal annars um veitingu jöfnunarstyrkja til nemenda á framhaldsskólastigi auk þeirra sem leggja stund á iðnnám á því stigi sem telst vera lánshæft. Laufey María Jóhannsdóttir er fulltrúi Sambands íslenskra framhaldsskólanema í stjórn LÍN. Hlutverk hennar að standa vörð um hagsmuni bæði núverandi og mögulega lánþega sjóðsins á framhaldsskólastigi.

Stjórn LÍN fundar einu sinni í mánuði og er hún skipuð til tveggja ára.

Verkefni stjórnarinnar eru meðal annars að hafa yfirsýn yfir almennan rekstur, leysa úr vafamálum, endurskoða úthlutunarreglur LÍN ár hvert og sinna öllum þeim öðrum málum sem koma á borð stjórnarinnar.

Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur upplýsingaskyldu að gegna gangvart Lánasjóði íslenskra námsmanna sem snýr að því að upplýsa lánshæfa framhaldsskólanemendur um umsóknarfresti og fleiri mikilvægar upplýsingar frá Lánasjóðnum. Auk þess er SÍF skylt að sinna öllum þeim málum sem berast til þess og sem snúa að Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Boxið- framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Framkvæmdakeppni framhaldsskólanna fór fram 31.október í Háskólanum í Reykjavík. Keppnin er samstarfsverkefni SÍF, Háskólans í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins og mennta- og menningarráðuneytisins. Hún er hugsuð sem vettvangur fyrir framhaldsskólanema til að vinna saman í hóp og spreyta sig á ólíkum verkefnum tengdum tækni og iðnaði með það að markmiði að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði en töluverður skortur er á tæknimenntuðu fólki á Íslandi. Máni Huginsson, sem sæti átti í miðstjórn SÍF sat í dómnefnd keppinnar fyrir hönd sambandsins. Menntaskólinn á Akureyri var sigurvegari Boxins árið 2015.

Reykjavík 2.september 2016

Steinunn Ólína Hafliðadóttir - formaður SÍF 2015-2016

Hildur Björgvinsdóttir - framkvæmdastjóri SÍF